Markaðsstofa Norðurlands
NORDURLAND.IS

# Air 66N – flugklasinn á Norðurlandi

*– starf og áherslur –*

# Um Air 66N

- Flugklasinn Air 66N stofnaður í október 2011
- Stofnaðilar voru ferðaþjónustufyrirtæki og sveitarfélög á svæðinu
- Markmiðið að koma á reglulegu millilandaflugi um Akureyrarflugvöll allt árið.
- Hýst hjá Markaðsstofu Norðurlands (MN)– forgangsverkefni
- MN rekin af 19 sveitarfélögum og 180 ferðaþjónustufyrirtækjum á Norðurlandi, auk framlaga frá ríkinu
- Markvisst unnið að framgangi verkefnisins - langhlaup
- Í upphafi aðaláhersla á markaðssetningu á svæðinu
- Markaðsvinnan hefur skilað árangri – aukinn áhugi á Norðurlandi sem áfangastað

# Markaðsstarf Air 66N

- Sameiginleg og öflug markaðssetning á Norðurlandi
  - Kynnisferðir fyrir erlenda og innlenda ferðaskipuleggjendur og blaðamenn
  - Sýningar, fyrirtækjastefnumót og söluferðir (Routes Europe, ITB, MidAtlantic ofl.)
  - Vefmál og samfélagsmiðlar – Kynningarmyndbönd, ímyndarbæklingur
- Nýsköpun og vöruþróun, samstarf innanlands og erlendis
  - Þróunarverkefni um innviði og þjónustuframboð
  - Þróun og kynning á þjónustupökkum m.v. þarfir skilgreindra markhópa (Fuglaverkefni, Ski Iceland ofl.)
  - Þátttaka í verkefnum á erlendum mörkuðum í samstarfi við ferðaskrifstofur og flugfélög með beina kynningu á Norðurlandi (Air Berlin)
- Bein samskipti við flugrekstraraðila – Boðsferðir til Norðurlands

# Annað starf Air 66N

- Á síðari stigum aukin áhersla á pólitískan þrýsting í starfi klasans
  - Samstarf við atvinnuþróunarfélögin á Norðurlandi
  - Stuðningur sveitarfélaga
  - Samstarf við Austurland
- Ástæðan er sú að það vantar baklandið sem þarf til að klára dæmið
  - Innanríkisráðuneyti vegna flugvallarins, uppbyggingar, viðhalds og rekstrar
  - Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti vegna ferðamála, dreifingar ferðamanna um landið, markaðssetningar á Íslandi, uppbyggingar og fjármögnunar verkefna, Ísland allt árið
  - Utanríkisráðuneyti vegna upplýsingagjafar til ferðamanna og markaðssetningar á landinu, uppbyggingu og fjárfestingar utan höfuðborgarsvæðis
  - Fjármálaráðuneyti vegna eignarhalds ríkisins á Isavia
  - Forsætisráðuneyti

# Frá stjórnvöldum

- Byggðaáætlun 2014-2017,
  - 1.3. *f.* Bættar samgöngur *„Áfram verði stutt við áætlanir flugklasans á Norðurlandi um að tryggja beint millilandaflug til Akureyrar.“*
- Ferðamálaáætlun 2011-2020
  - *„að standa að markvissri uppbyggingu áfangastaða, öflugri vöruþróun og kynningarstarfi til að skapa tækifæri til að lengja ferðamannatímabilið um land allt, minnka árstíðasveiflu og stuðla að betri dreifingu ferðamanna um landið.“*

# Millilandaflug um aðra flugvelli nauðsynlegt

- Ekki aðeins verkefni ferðaþjónustunnar
- Byggðaröskun – samgöngumál
- Starfaflutningur af landsbyggðinni í öllum atvinnugreinum
- Viðhald flugvalla mjög lélegt sl 5 ár. Óbreytt framlag síðustu 7 ár
  - 1500 milljónir á ári – þýðir 850 milljón kr. Raunlækkun m.v. verðlagsþróun
- Milljarða uppbygging í Keflavík, eina millilandagátt landsins
  - 15 milljarðar á áætlun í Leifsstöð næstu árin
- Fjárfesting í atvinnuuppbyggingu í nágrenni Rvk.
- Léleg nýting fjárfestingar í ferðaþjónustu utan höfuðborgarsvæðis
- Mikið álag á ákveðna ferðamannastaði á suðvesturhorninu
- Lítill möguleiki á dreifingu ferðamanna um landið, allt árið
  - Við þurfum nýja gátt til að taka við áframhaldandi fjölgun ferðamanna til Íslands

# Af hverju fleiri gáttir?

- Betri dreifing (stjórn) á umferð ferðamanna um landið
  - Náttúruvernd, flæði um landið.
- Betri nýting innviða sem fyrir eru
  - Fjárfesting í ferðaþjónustu sem nú er vannýtt utan SV hluta landsins
  - Meira en milljón gistinætur vannýttar á Norðurlandi
- Fleiri ferðamenn til framtíðar – stærri kaka til skiptanna
- Sennilega stærsta, fljótvirkasta og jafnframt ódýrasta aðgerð sem hægt er að ráðast í til að styrkja dreifðari byggðir landsins
- Mikilvægt skref í framtíðaruppbyggingu stærstu atv.gr. Íslands

# Hvað þarf til?

- Fjármagn til að opna nýjan áfangastað
  - Route Development Fund (200-300 Mkr)
  - Markaðssetning til flugfélaga (50-100 Mkr)
  - Destination Development Fund (100 Mkr)
  - Uppbygging flugvalla (Isavia)
    - Tryggja samkeppnisstöðu, jöfnun á eldsneytisverði o.fl.
  - Uppbygging innviða (Vegagerðin, PFS, Almannavarnir, Landsbjörg)
- Vinna, þekking og reynsla heimamanna

# Byggjum af skynsemi upp íslenska ferðaþjónustu til framtíðar!




Markaðsstofa Norðurlands
Arnheiður Jóhannsdóttir
Hjalti Páll Þórarinsson
Halldór Óli Kjartansson

Sími 462 3300
arnheidur@nordurland.is
hjalti@nordurland.is
halldor@nordurland.is
Nordurland.is
NorthIceland.is
#NorthIceland